

## Ársfundur 2018

### Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Hilton Reykjavík Nordica hótelinu, Suðurlandsbraut 2

föstudaginn 12. október nk. kl. 12:15

Aðild að samtökunum eiga 24 sveitarfélög og hefur þeim fækkað um eitt frá síðasta ársfundi með sameiningu Breiðdalshrepps við Fjarðabyggð. Aðildarsveitarfélögin eru Bolungarvíkurkaupstaður, Dalabyggð, Dalvíkurbyggð, Djúpavogshreppur, Fjarðabyggð, Flóahreppur, Grundarfjarðarbær, Húnavatnshreppur, Ísafjarðarbær, Langanesbyggð, Mýrdalshreppur, Norðurþing, Rangárþing ytra, Seyðisfjarðarkaupstaður, Skaftárhreppur, Snæfellsbær, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Sveitarfélagið Hornafjörður, Sveitarfélagið Skagafjörður, Sveitarfélagið Vogar, Tjörneshreppur, Vesturbyggð og Þingeyjarsveit. Voru fulltrúar frá ríflega helmingi aðildarsveitarfélaga mættir eða frá 13 þeirra.

Ásthildur Sturludóttir, formaður samtakanna, bauð fundarmenn velkomna til ársfundarins. Þá bauð formaður velkominn til ársfundarins, Þórdísi Kolbrúnu R. Gylfadóttur, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Stungið var upp á því að formaður stjórnaði fundinum og var það samþykkt einróma með lófataki. Fundarritari var kjörinn Helga Guðrún Jónasdóttir, starfsmaður samtakanna. Gengið var því næst til dagskrár.

#### Dagskrá:

1. Setning fundar
2. Skýrsla stjórnar 2016 - 2018
3. Ársreikningur 2017 lagður fram.
4. Ákvörðun um árgjald
5. Umræður og ályktanir um orkumál
6. Kosning þriggja manna stjórnar

Formaður lagði til þá dagskrárbreytingu að ráðherra ávarpaði fundinn og var það samþykkt samhljóða. Í ávarpi sínu vék ráðherra m.a. að fundi sínum með stjórn samtakanna og starfsmanni 27. febrúar sl. og sagði að komið yrði til móts við þá tillögu sem lögð var fram á fundinum í minnisblaði til ráðherra þess efnis að starfshópur verði skipaður með aðild samtakanna vegna orkuaðgengis í sveitarfélögum á köldum svæðum ásamt aðgerðaáætlun.

Formaður flutti því næst skýrslu stjórnar 2016-2018 og bar að því loknu upp ársreikninga 2017.

#### Skýrsla stjórnar 2016-2018

Ársfundur Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum var haldinn 23. september 2016. Í stjórn voru kjörin Ásthildur Sturludóttir, formaður og þáverandi bæjarstjóri Vesturbyggðar, Sandra Brá Jóhannsdóttir,

Skaftárhreppi og Pétur Markan, Súðavíkurbreppi. Kjör í varastjórn hlutu Kristín Árnadóttir, Snæfellsbæ, Jón Páll Hreinsson, Bolungarvíkurkaupstað og Ásgeir Magnússon, Mýrdalshreppi.

Á fyrra starfsári voru málefni Seyðisfjarðar ofarlega á baugi í kjölfar þess að RARIK tilkynnti í ágústmánuði að rekstri fjarvarmaveitu bæjarfélagsins yrði lagður niður. Sótti starfsmaður samtakanna íbúafund sem RARIK. Á vef orkufyrirtækisins kom fram að helsta ástæða þessa væri *að óvissa væri komin upp um framboð á ótryggðri raforku sem fjarvarmaveita RARIK á Seyðisfirði hefur byggt á frá upphafi og allar líkur á að verð á henni fari hækkandi. Því er upprunalegur rekstrargrundvöllur fjarvarmaveitna af þessu tagi brostinn, nema með verulegri hækkun á orkuverði sem væri ósamkeppnishæft við aðra húshitunarkosti.*

Sótti starfsmaður samtakanna íbúafund sem RARIK hélt á Seyðisfirði vegna málsins. Í framhaldi af því lagði starfsmaður fram bréf samtakanna fyrir stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem tók málið fyrir á 854. fundi sínum þann 24. nóvember 2017 (má nálgast gögn málsins á vef sambandsins). Stjórn tók undir áhyggjur samtakanna vegna málsins og var framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram í samvinnu við þau. Unnið er enn að lausn málsins í samstarfi ráðuneytis og Seyðisfjarðarkaupstaðar á vegum starfshóps sem var skipaður í lok síðasta árs, en m.a. var ráðist í úttekt þriðja aðila í sumar og er tillagna og niðurstaða að vænta í því máli á næstu vikum.

Á síðara starfsárinu átti stjórn og starfsmaður fund með ráðherra. Fundurinn fór fram 28. febrúar sl. og var farið yfir helstu málefni sveitarfélaga á köldum svæðum.

Staðan nú er eftirfarandi: *Málefni* Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum eru sem stendur til skoðunar í tveimur starfshópum á vegum ráðuneytisins.

Annars vegar inn í starfshóp um mótun langtíma Orkustefnu fyrir Ísland. Sá starfshópur tók til starfa í vor og er skipaður fulltrúum allra þingflokka og lykil ráðuneyta (þ.m.t. ráðuneyti byggðamála).

Ráðgert er að orkustefnan liggja fyrir í byrjun árs 2020. Í skipunarbréfi starfshópsins er sérstaklega komið inn á jöfnun orkukostnaðar á landsvísu, varmadæluvæðingu og niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar á köldum svæðum. Langtímamarkmiðið er að finna leiðir til að draga úr þörf fyrir rafhitun húsnæðis á landinu, þ.e. finna aðrar hagkvæmari lausnir. Í Orkustefnu verður að finna vegvísi um stefnu stjórnvalda til næstu 20 – 30 ára varðandi þessi málefni.

Til skoðunar er svo að tillögu samtakanna að stofna minni starfshóp til að styðja við þennan anga í orkustefnunninni. Hlutverk hans væri að skilgreina hagsmunina betur, kortleggja vandann og koma með innlegg í stærri orkustefnustarfshópinn. Tillögur um fulltrúa í slíkan starfshóp er að vænta frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í samráði við samtökin.

Að máli sínu loknu kynnti formaður helstu niðurstöður ársreikninga og dreifði afriti af þeim til fundarmanna. Fram kom m.a. að tekjur ársins 2017 eru óbreyttar frá fyrri árum eða 750.000 krónur í árgöld. Afkoma ársins var kr. 594.461 og nemur eigið fé og skuldir samtakanna samtals kr. 4.317.365.

Formaður bar því næst upp skýrslu stjórnar og ársreikninga og var hvoru tveggja samþykkt einróma.

Næst var tekin fyrir ákvörðun um árgjald og var óbreytt árgjald samþykkt.

Fyrir fundinum lágu engar ályktanir fyrir og voru engar umræður undir þeim dagskrárlíð.

Næst á dagskrá var kjör stjórnar. Fyrir fundinum lá að formaður hyggðist ekki gefa kost á sér til endurkjörs. Eftirtaldir gáfu kost á sér í aðalstjórn: Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri Skaftárhrepps, Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar og Pétur Markan, sveitarstjóri Súðavíkurbrepps. Í varastjórn gáfu kost á sér Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri á Bolungarvík, Kristján Sturluson, sveitarstjóri Dalabyggðar og Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar. Fráfarandi formaður bar upp fyrst framboð til stjórnar og síðan til varastjórnar og voru þau í báðum tilvikum samþykkt samhljóða með lófataki. Endurskoðendur voru kjörnir Katrín Sigurjónsdóttir, bæjarstjóri í Dalvíkurbyggð og Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þakkaði fráfarandi formaður fyrir gott samstarf og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar í verkum sínu.

Fleira var ekki gert. Var fundi slitið 13:15